

Aðalfundur Beint frá býli - framhaldsaðalfundur.

Þann 21.11 2020 var aðalfundi frestað vegna þess að ákveðið var að kosning á nýrri stjórn færi fram á netinu en eins og allir vita hafa aðstæður í þjóðfélaginu komið í veg fyrir að fólk geti komið saman og afgreitt mál með sama hætti og áður. Ákveðið var að kosið yrði til stjórnar og einnig um ályktun sem var lögð fram á fyrri parti aðalfundar. Það var fyrir séð að það tæki tíma að setja upp netkosningarkerfi og þann 20 janúar var það tilbúin. Hafdís Sturlaugsdóttir sá um að setja upp kosningarkerfið. Félagsmenn fengu viku til þess að framkvæma kosninguna. Eftir að kosningu var lokið var boðið til framhalds aðalfundar þann 30.01.2021 kl 13:00 á netinu líkt og áður.

Lovísa Rósa Bjarnadóttir settur fundinn og gefur Hafsdísi Sturlaugsdóttur orðið sem er áfram fundarstjóri og Anna S Sævarsdóttir er áfram fundarritari.

Fyrsta mál á dagskrá voru niðurstöður kosningar:

Aðalstjórn:

Hanna Kjartansdóttir 14

Jóhanna Sjöfn Guðmundsdóttir 14

Arnheiður Hjörleifsdóttir 8

Guðmundur Jón Guðmundsson 7

Hafdís Sturlaugsdóttir 6

Samkvæmt þessum niðurstöðum eru Hanna og Jóhanna kjörnar til 3 ára, Arnheiður og Guðmundur til 2 ára og Hafdís til eins ár

Varastjórn:

Kristín Helga Ármannsdóttir 3

Þórarinn Jónsson 3

Draga þurfti á milli Krístínar og Þórarins í varastjórn og sá Lovísa Rósa um það og niðurstaðan var að Þórarinn situr í 3 ár en Kristín 2 ár.

Ný stjórn skiptir með sér verkum og Hafdís lagði til að Hanna kallaði til næsta fyrsta stjórnarfundar sem fyrst. Hanna samþykkti það ásamt öðrum en óskaði jafnfram eftir því að fráfarandi stjórn miðlaða upplýsingum og kæmi gögnum til nýrra stjórnar eins fljótt og auðið væri.

Ályktun sem lögð var til að var lögð fram á aðalfundinum 21.11.2020:

Aðalfundur Beint frá býli haldin 21.11.2020, ályktar að fela stjórn að ganga til könnunar viðræðna við Samtök smáframleiðenda matvæla(ssfm). Markmið þeirra viðræðna skal vera að kanna hvernig og á hvaða grunni félögin geti unnið saman að hagsmálum smáframleiðenda. Þar sem nokkuð víst getur talist að samlegðaráhrif af samvinnu eða því að BFB gangi í hin nýju samtök séu óumdeild. Þar þarf að skoða alla kosti og bera svo undir félagi BFB um áframhald.

Ályktunin samþykkt með 12 atkvæðum, 2 greiddu atkvæði á móti og 1 sat hjá.

Oddný Anna lagði fram fyrirspurn hvernig skipting varamanna sé, hver sé fyrsti varamaður og hver annar. Hafdís svarði henni og sagði að þeir væru jafnir og það væri tekin ákvörðun um það þegar á reyndi hvort þeirra kæmi inn í aðalstjórn.

Lovisa Rosa og Anna Sigurbjörg óskuðu nýrri stjórn hamingju og velfarnaðar og þökkuðu fyrir sig.

Fleiri mál voru ekki rædd og tvískiptum Aðalfundi Beint frá býli var slitið 13:20

Anna S. Sævarsdóttir (sign)

Fundarritari

Hafdís Sturlaugsdóttir (sign)

Fundarstjóri